

## Nefndarálit

um till. til þál. um skógrækt 2004–2008.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Niels Árna Lund frá landbúnaðar-ráðuneyti og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands. Þá bárust umsagnir frá Skógrækt ríkisins, Héraðsskógum, Austurlandsskógum, Norðurlandsskógum, Skjólsskógum á Vestfjörðum, Suðurlandsskógum, Vesturlandsskógum og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að á árunum 2004–2008 skuli fjármagni veitt til skógræktar á Íslandi samkvæmt nánari sundurliðun sem kemur fram í tillögugreininni og gerir kleift að gera áætlanir fram í tímann fyrir hvert og eitt skógræktarverkefni.

Fyrir liggur að samstaða er um skiptingu milli landshlutabundinna skógræktarverkefna um fjármagn og leggur nefndin því til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álit þessu.

Guðjón Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2003.

Drífa Hjartardóttir,  
form., frsm.

Kristinn H. Gunnarsson.

Sigríður Jóhannesdóttir.

Jónína Bjartmarz.

Karl V. Matthíasson.

Þuríður Backman.

Sigríður Ingvarsdóttir.

Prentað upp.